

Mættir:	Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Anna María Bjarnadóttir, Steinþór Jónsson, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Pétur M. Birgisson, Vignir Steinþór Halldórsson, María Guðjónsdóttir og Guðbjörn Sigmundsson.
Forfallaðir:	Andri Steinn Hilmarsson, Ása Richardsdóttir, Theodór Bender, Hrafn Ágúst Björnsson, Sigríður H. Hrafnkelsdóttir
Staður:	Skrifstofa MK
Tími:	Kl. 12:00-13:30
Dags.:	5. desember 2017

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	Margrét Friðriksdóttir skólameistari setti fundinn kl. 12:10, bauð hún fundarmenn velkomna og voru nýir fundarmenn boðnir sérstaklega velkomnir til starfa. Fram kom að nefndin er skipuð til fjögurra ára.	MF	5 mín.
2.	Kynning fundarmanna	MF	5 mín.
	Skólameistari lagði til að fundarmenn kynntu sig sem þeir og gerðu.		
3.	Kosning formanns skólanefndar	MF	5 mín.
	Skólameistari stakk upp á Flosa Eiríkssyni sem formanni skólanefndar, það var einróma samþykkt.		
4.	Orð formanns skólanefndar	FE	10 mín.
	Flosi Eiríksson tók við fundarstjórn og þakkaði fyrir traustið. Flosi benti fundarmönnum á að venjan væri að fundað væri að jafnaði einu sinni í mánuði, í hádeginu og lögð væri áhersla á að fundirnir tækju ekki lengri tíma en klukkutíma, ella væri boðað til auka fundar. Skólanefndin tæki sér frí yfir sumarmánuðina. Síðasti fundur nefndarinnar fyrir sumarfrí væri haldinn í júní og svo fundað upp úr miðjum ágúst að loknu sumarfríi. Gögn væru send út á tölvupósti fyrir fundi og ætlast væri til þess að fundarmenn kynntu sér gögnin fyrir fundi þar sem umræður færu fram á fundunum sjálfum. Áréttað var að viðkvæm gögn væru einungis send á aðalmenn. Á fundum væru tekin fyrir stærrí mál en einstök eða smávægileg atriði væru ekki til umræðu og fundarmönnum því uppálagt að bera þau frekar undir hlutaðeigandi. Formaður áréttaði að eitt af stærrí verkefnum skólanefndar væri að hafa umsjón með fjárreiðum skólans. Samþykkja skólagjöld og fjárhagsáætlun skólans og vísaði í því samhengi til 5. greinar laga nr. 92/2008: Lög um framhaldsskóla sem var dreift til fundarmanna. Einnig væri vilji fyrir því að bæta og efla iðnámi við skólann. Formaður upplýsti jafnframt fundarmenn um að aðalmenn væru boðaðir á skólanefndarfundi og ef upp kæmu forföll væri það aðalmanna sjálfra að boða til varamanna í sinn stað. Varamenn eru þrír talsins og eru þeir varamenn allra.		
5.	Skipun fundarritara	FE	5 mín.
	Formaður skólanefndar stakk upp á Önnu MaríuBjarnadóttur sem fundarritara og myndi hún sjá um fundarritun næstu stjórnarfunda, var það samþykkt samhljóma.		
6.	Ársskýrsla MK árið 2016	MF	20 mín.
	Margrét Friðriksdóttir fór yfir skólanámsskrá Menntaskólans í Kópavogi sem er aðgengileg á heimasíðu skólans www.mk.is og dreifði eintaki af aðalnámsskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 til fundarmanna. Skv. aðalnámsskránni hafa allir framhaldsskólar landsins frjálssar hendur varðandi hvaða áfangar eru kenndir á brautum skólanna. Fram kom að þetta frjálssræði hefur vafist fyrir mörgum. Einnig kom fram að vinnu við skipulagningu bóknáms skólans er lokið og er það á lokastigi varðandi verknámið. Í vor útskrifast síðasti hópurinn skv. fjögurra ára námi og af		

	<p>Þeirri ástæðu hanga báðar skólanámsskránnar enn inni á heimasíðu skólans. Skólameistari upplýsti viðstadda um að fráfarandi skólanefnd hefði samþykkt nýju skólanámsskránnar síðasta vor, þar sem það væri eitt af aðal verkum skólanefndar og þetta hefði verið gert þar sem ráðuneytið hefði ekki verið búið að skipa nýja skólanefnd á þeim tímapunkti. Umræður spunnumst um að gamla skólanefndin hefði ekki haft vald til þessarar ákvörðunar þar sem formlega hefði verið búið að leysa hana frá störfum þegar samþykktin fór fram. Anna María lagði til að ný skólanefnd legði blessun sína yfir samþykkt fráfarandi skólanefndar. Vel var tekið undir tillöguna og fól skólameistari nýrri skólanefnd að lesa yfir nýju skólanámsskránnar sem er að finna á heimasíðu mk.is fyrir næsta fund, þar sem hún verður þá tekin fyrir og samþykkt formlega.</p> <p>Skólameistari dreifði einnig ársskýrslu MK vegna ársins 2016 sem jafnframt er að finna á heimasíðu skólans. Skýrslan er full af ýmsum fróðleik. Menntamálaráðuneytið leggur grunn að því sem á að standa í henni. Aftast í henni er að finna ársreikning MK fyrir árið 2016. Formaður skólanefndar fór betur yfir inntak 5 gr. laga nr. 92/2008 en þar segir að skólanefnd skuli vera ráðgefandi og skólameistara til stuðnings. Völd skólameistara séu þ.a.l. meiri en skv. eldri lögum. Fyrirspurn barst út í brottfall nemenda, skólameistari svaraði fyrirspurninni og svaraði því til að allar upplýsingar um brottfall væri að finna á bls, 11 og 12 í ársskýrslu MK 2016. Fram kom að skólinn fær ekkert greitt fyrir brottfallsnemendur. Hrint hefði verið af stað átaki til að sporna gegn brottvarfi og er það m.a. gert með skimun fyrir brottvarfi.</p>		
7.	Ársreikningur MK árið 2016	MF	20 mín.
	Skólameistari dreifði ársreikningi 2016 til fundarmanna og stiklaði á stóru í yfirferð hans. Fram kom að Fjársýsla ríkisins greiðir alla reikninga skólans og er það mjög til bóta. Skólinn skilaði 38 milljóna afgangi á árinu 2016 sem að gekk upp í rekstarhalla ársins 2015.		
8.	Sjálfsmatsskýrsla MK skólaárið 2016-2017	MF	15 mín.
	Skólameistari dreifði Sjálfsmatsskýrslu MK 2016-2017 til fundarmanna og tæpti á því helsta. Úttektaraðili frá Vottun ehf. mætir tvisvar sinnum á ári og framkvæmir úttekt á starfsemi skólans. Alltaf tilefni til að breyta, endurskoða og bæta sig. Til stendur að gæðastjóri mæti á fund skólanefndar og haldi kynningu fyrir skólanefndina. Til eru greinargóðir verkferlar og verklýsingar fyrir helstu aðgerðir og verkefni skólans, sem gott er að geta gripið í þegar þannig stendur á. Fram kom að útskrift fer fram þrisvar sinnum á ári: Tvisvar að vori og einu sinni að hausti. Næsta útskrift fer fram 20. desember nk. og er öll skólanefndin velkomin á útskriftina. Formaður skólanefndar flytur ávarp f.h. skólanefndar skv. hefð. Ennfremur er skólanefnd boðið á ýmsar kynningar við ýmis tilefni.		
9.	Gengið um skólann	MF	20 mín.
	Skólameistari fór með skólanefndina í kynnisferð um skólann, þar sem nefndarmönnum gafst kostur á að kynna mismunandi starfsemi skólans. Mikil ánægja var meðal nefndarmanna með kynninguna og hrifust þeir mjög af því sem fyrir augu bar.		
10.	Önnur mál	MF	10 mín.
a.	Fundartími		
	Formaður lagði til að fastir fundartíma nefndarinnar yrðu haldnir í hádeginu, annan miðvikudag í hverjum mánuði fram á vor. Tillagana var samþykkt einróma af stjórn. Næsti fundur skólanefndar fer því fram í hádeginu miðvikudaginn 10. janúar nk. Þar verður m.a. til umræðu eftir hvaða fjárhagsgramma MK vinnur, einnig verður ný skólanámsskrá MK samþykkt.		
b.	Fyrirspurn út í bar.		
	Spurt var út í vínbarinn í þjónarýminu. Svaraði skólameistari fyrirspurninni.		
c.	Starfsánægja kennara		

	Anna María var með fyrirspurn út í könnun sem var framkvæmd síðasta vor varðandi starfsánægju kennara og til hvaða úrræða hefði verið gripið. Þetta verður til umfjöllunar á næsta fundi skólanefndar í janúar.		
11.	Skólameistari sleit fundi kl. 13:53		

Fundarritari: Anna María Bjarnadóttir